

5.tbl.  
1. feb. 2023  
30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

ÞORRABLÓT LJÓSVETNINGA  
2023  
VERÐUR HALDIÐ Í LJÓSVETNINGABÚÐ  
LAUGARDAGINN 11. FEBRÚAR

Húsið opnar kl 19:30 og blótið hefst stundvíslega kl. 20.30

Hljómsveitin Gourmet leikur fyrir dansi.  
Diskar og glös verða á borðum  
en takið með ykkur hnifapör.

**Vinsamlega athugið að takmarka gestafjölda**  
Aldurstakmark 16 ára

Miðaverð 4000 kr.  
**Miðapantanir þurfa að berast fyrir kl 19:00**  
**miðvikudagskvöldið 8. febrúar**  
Ásta Hrönn: 849-4613  
Anna Kristín: 862-1360

Vinsamlega millifærið inná reikning  
nr. **1110-05-400001**, kt. **220379-3299**  
og senda kvittun á [asta79@simnet.is](mailto:asta79@simnet.is)  
eigi síðar en föstudagskvöldið 10. febrúar

Miðasala verður við innganginn.  
**Ath. enginn posi og engin sjoppa.**

Hlökkum til að sjá ykkur.  
Nefndin



## Fundargerð 16. fundur

sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar haldinn í Pínghúsinu  
Breiðumýri, fimmtudaginn 19. janúar 2023, kl. 13:00.

### Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Eygló Sófúsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson, Úlla Árdal og Jón Hrói Finnsson. Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri.

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir samþykki fundarmanna fyrir því að taka á dagskrá mál nr. 2301012 Starfsmannamál. Samþykkt samhljóða.

### 1. Samvinna á unglिंगastigi - 2208016

Arnór og Eygló kynna tillögur starfshóps um útfærslu aukins samstarfs Reykjavíðarskóla og Píngeyjarskóla á unglिंगastigi.

Verkefnið er til komið vegna erindis frá foreldrum nemenda á unglिंगastigi í Reykjavíðarskóla þann 17. nóvember 2023. Þau lýsa yfir áhyggjum sínum á félagslegri stöðu barna á unglिंगastigi en þar eru nemendurnir fimm, fjögur í 8. bekk og eitt í 10. bekk. Ósk þeirra var að auka samstarf á milli Píngeyjarskóla og Reykjavíðarskóla.

Skipaður var starfshópur á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 12.01.2023. Í starfshópnum sitja, skólustjóri Píngeyjarskóla og Reykjavíðarskóla, umsjónarkennari unglिंगastigs í Reykjavíðarskóla, teymisstjóri unglिंगastigs í Píngeyjarskóla, Eygló Sófúsdóttir og Arnór Benónýsson fyrir hönd sveitarstjórnar. Jóni Hrói Finnsson, sveitarstjóri starfaði með hópnum.

Áður höfðu skólustjórnendur, umsjónarkennari unglिंगastigs í Reykjavíðarskóla og teymisstjóri unglिंगastigs í Píngeyjarskóla fundað og komið með hugmyndir og útfærslu að auknu samstarfi sem var lagt fyrir foreldra og nemendur Reykjavíðarskóla. Samstaða var meðal forelda og unglिंगa Reykjavíðarskóla um að besta lausnin fyrir nemendur væri að fara í Píngeyjarskóla 4 daga í viku en vera í Reykjavíðarskóla á föstudögum. Nemendur og umsjónarkennari þeirra ganga alfarið inn í kennslufyrirkomulag Píngeyjarskóla og verða hluti af þeirra nemenda- og starfshópi.

Fundur var haldinn með foreldrum og nemendum á unglिंगastigi beggja skólanna í Píngeyjarskóla þann 18.01.2023. Þar fór starfshópurinn yfir stöðuna á verkefninu og skólustjóri Píngeyjarskóla, ásamt kennarateymi unglिंगastigs kynnti kennslufyrirkomulag. Samstaða og jákvætt viðhorf var

á meðal fundargesta til tilraunaverkefnisins.

Helsti kostnaður tilraunaverkefnis er akstur og aukin vinna hjá kennsluteymi unglíngastígs Þingeyjarskóla við að samræma kennslu og áætlanir. Tillaga starfshópsins felur í sér að kennt verður fjóra daga í viku í Þingeyjarskóla og að umsjónarkennari unglíngastígs Reykjahlíðarskóla verður hluti af kennsluteyminu í Þingeyjarskóla á meðan á tilrauninni stendur. Kostnaður við verkefnið mun liggja fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar og lagt er til að honum verði mætt með sameiningarframlögum úr Jöfnunarsjóði sem ekki hefur verið ráðstafað. Lagt er til að starfshópurinn hittist 3 sinnum yfir tímabilið, í byrjun mars, miðjan apríl og loka annar til fari yfir stöðu mála. Í vor verði svo gerð könnun á ánægju nemenda, foreldra og kennara á samstarfinu.

Í lokin viljum við þakka starfsfólki Þingeyjarskóla og Reykjahlíðarskóla fyrir þeirra framtak og gott samstarf.

Til máls tóku: Arnór, Eygló og Knútur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu starfshópsins og að kostnaði við verkefnið verði mætt með sameiningarframlögum úr Jöfnunarsjóði. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um tilraunaverkefni er að ræða og að halda þarf vel utan um reynsluna og árangurinn af því.

Samþykkt

## **2. Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra - Umsagnarbeiðni tækifæris leyfi Breiðumýri - 2301007**

Tekið fyrir erindi Sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra, dagsett 13. janúar 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Borgars Þórarínssonar, fyrir hönd Þingeyjarsveitar, um tækifærisleyfi vegna þorra-blóts í Þinghúsinu Breiðumýri 28. janúar n.k. Enginn tók til máls. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

Samþykkt samhljóða. Samþykkt

## **3. Gjaldskrá Þingeyjarsveitar 2023 - 2212015**

Áður á dagskrá 15. fundar sveitarstjórnar þann 12. janúar sl.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og -förgun samkvæmt 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Lagt er til að gjaldskráin gildi þar til þar til fjögurra tunnu sörpkerfi tekur gildi. Jafnframt er lagt til að skipaður verði þriggja manna starfshópur sem fær það hlutverk að vinna að endurskoðun samnings við þjónustuaðila, gerð nýrrar gjaldskrár og undirbúa kynningarefni fyrir íbúa á nýju fyrir-

komulagi úrgangsmála.

Til máls tóku: Knútur, Árni Pétur, Jóna Björg og Gerður.  
Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá um sorphirðu og förgun.  
Sorphirðugjald heimila verði kr. 61.971 og sorphirðugjald frístundahúsa verði kr. 34.084.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að skipa starfshóp til að vinna að endurskoðun samnings við þjónustuaðila, gerð nýrrar gjaldskrár og undirbúa kynningarefni fyrir íbúa á nýju fyrirkomulagi úrgangsmála. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu 25. apríl nk. Þá er samþykkt að hópinn skipi Anna Bragadóttir, formaður, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir og Jóna Björg Hlöðversdóttir. Samþykkt

#### **4. Bygging 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík - 2209005**

Lögð fram til afgreiðslu sveitarstjórnar drög að viðauka við verkkaupasamning VK-20036 frá júní 2020 sbr. minnisblað sveitarstjóra Norðurbings dags. 08.01.2023.

Með fundarboði sveitarstjórnar fylgdi fundargerð fulltrúa aðildarsveitarfélaganna um byggingu hjúkrunarheimilis frá fundi 2. janúar 2023. Einnig minnisblað sveitarstjóra Norðurbings dagsett 8. janúar 2023 og verkkaupasamningur um byggingu hjúkrunarheimilis VK-20036 frá júní 2020.

Til máls tóku: Arnór, Árni Pétur, Jóna Björg

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirleggjandi tillögu að viðauka við verkkaupasamning VK-20036 frá júní 2020.

Sveitarstjórn ítrekar mikilvægi þess að samningsaðilar óski eftir leyfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins fyrir útboði á verklegri framkvæmd við Hjúkrunarheimilið á Húsavík sem fyrst, byggt á upp færðum stærðar- og kostnaðartölum í viðauka við verkkaupasamning.

#### **5. BH Bygg ehf.- Íbúðir á lóðinni Klappahrauni 9 - 2301003**

Lögð fram skilalýsing fyrirhugaðra íbúða við Klappahraun 9 í Mývatnssveit. Knútur gerði grein fyrir viðræðum við framkvæmdaaðila.

Til máls tóku: Knútur, Árni Pétur, Gerður, Jóna Björg, Úlla og Jón Hrói.

Knúti og Árna Pétri falið að vinna áfram að málinu.

Samþykkt með átta atkvæðum. Halldór sat hjá. Samþykkt

#### **6. Starfsmannamál - 2301012**

Lagt fram uppsagnarbréf sveitarstjóra ásamt drögum að samkomulagi um starfslok.

Jón Hrói vék af fundi og Eygló Sófúsdóttir tók við fundarritun. Til máls tóku: Arnór, Jóna Björg, Knútur, Árni Pétur, Gerður, Eygló, Eyþór,

Úlla og Halldór.

Sveitarstjóri leggur fyrir sveitarstjórn uppsagnarbréf dagsett 19.01.2023. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða uppsögn sveitarstjóra og felur oddvita að ganga frá starfslokum hans.

Sveitarstjórn þakkar Jóni Hróa Finnssyni fyrir samstarfið og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að oddviti taki tímabundið við starfi sveitarstjóra þar til nýr einstaklingur hefur verið ráðin í starfið. Jafnframt fer oddviti með prókúru sveitarfélagsins.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 14:45.

## Karлакórinn Hreimur



Heldur vortónleika í fyrsta skipti í 3 ár þann **22. apríl** að Ýdölum.

Þú villt ekki missa af því  
Taktu daginn frá.

Nánar auglýst síðar



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

### **Verðskrá:**

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.350.- m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.300.- m.vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.  
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

# Fjallahringur Mývetnings



**Einstaklingum og fyrirtækjum verður nú boðið að gerast hluti af fjallahring íþróttafélagsins Mývetnings.**

Líkt og Mývatnssveit sjálf er umlukin áberandi, fallegum og traustum fjallahring mun íþróttafélagið Mývetningur verða umlukandi áberandi og traustum fjallahring einstaklinga og fyrirtækja sem standa munu vörð um æskulýðs og ungmenna mál í Mývatnssveit. Fjöllinn í Fjallahringnum verða Herðubreið, Bláfjall, Vindbelgur og Krafla.

Íþróttafélagið Mývetningur hefur lengi verið mótandi afl í Mývatnssveit. Félagið sér nú meðal annars um íþrótt og æskulýðs starf í Mývatnssveit auk fjölda verkefna og námskeiða fyrir bæði börn og fullorðna.

Íþrótt og ungmennastarf er mjög stór þáttur í því verkefni að búa íbúum og fjölskyldum þeirra öflugra þjónustu og bæta samfélagið. Einn af þáttum í ákvarðanatöku einstaklinga og fjölskyldna í ákvörðun um búsetu er aðgengi að íþrótt og æskulýðsstarfi. Með þátttöku í Fjallahringnum geta fyrirtæki/einstaklingar þannig bætt velsæld starfsmanna og aukið líkur á því að fólki líði vel hér í Mývatnssveit. Auk þess að hjálpa okkur að byggja upp æskulýðs starf til framtíðar.

Þrátt fyrir að Mývetningur eigi stóran hóp af frábærum sjálfboðaliðum þá fellur til mikill kostnaður við uppbyggingu á innviðum, kaup á búnaði, þjálfun og námskeiðahaldi.

Á síðustu árum hefur Mývetningur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum. 2021-2023 voru/eru reglulegar æfingar barna: Skíðaæfingar, klifur/fjallamennska, yoga/slökun, fimleikar, frjársar, dansnámskeið, zoomba námskeið auk þrek þjálfun fyrir börn. Haldin eru námskeið fyrir fullorðna, í klifri, skyndihjálp, gönguskíðanámskeið, þjálfaranámskeið og ýmislegt fleira.

**Íþróttafélagið Mývetningur er almannaheillafélag.** Að vera almannaheillafélag þýðir að þeir sem styrkja slík félög fá framlag sitt frádráttarbært frá skatti upp að ákveðnu marki. Hámark til frádráttar fyrir einstaklinga er 350 þúsund á ári og 700 þúsund fyrir hjón. Ef við tökum dæmi um einstakling sem styrkir almannaheillafélag um 25.000,- á mánuði eða 300.000,- á ári, þýðir það skattaafslátt kr. 109.296,- á ári. Styrkir til slíkra félaga verða forskráðir á framtöl gefenda.

## Innviðir Mývetnings:

- **Skíðasvæði.** Mývetningur á og rekur skíðasvæði við Kröflu þar sem æfingaraðstaða er góð og staðið er fyrir opnun 3-5 daga í viku eftir getu. Þess má geta að um 65% nemenda í Reykjahlíðarskóla stunda nú alpagreinar, auk þess sem haldið hefur verið úti gönguskíðasporum. Stefna Mývetnings er að auka enn frekar við alpa greinar og gönguskíða starf með metnaðarfullum áformum um uppbyggingu á skíðasvæði og reglulegri sporun gönguskíðaspor. Farið er af stað samstarfsverkefni með leik og grunnskóla um kaup á gönguskíðabúnaði fyrir allan leik og grunnskóla til notkunar við frístund og í íþróttatímum.
- **Frjálsíþróttasvæði** er til staðar hér í Mývatnssveit en þarfnast mikils viðhalds á næstu árum. Sett hefur verið upp frjálsíþróttadeild og eru æfingar allan ársins hring. Markmiðið er að laga útsvæði og tryggja iðkendum hentuga aðstöðu til æfinga.
- **Klifurveggur** - í samstarfi við Björgunarsveitina Stefán og Sveitarfélagið hefur verið settur upp klifurveggur í íþróttahúsi IMS. Mývetningur kemur að því starfi á öflugann hátt bæði með vikurlegum klifuræfingum fyrir börn og fullorðna sem og þróun og umsjón með klifurveggnum. Er þetta þáttur í þeirri stefnu Mývetnings að stuðla að útivist og fjallamennsku, enda Mývatnssveit umlukin fjöllum og tækifærum til útivistar.
- **Starf fullorðinna** fer vaxandi. Íþróttafélagið er fyrir okkur öll og stefnir Mývetningur á að því að auka til muna þátttöku fullorðina. Á vegum Mývetnings æfir öflugt blaklið kvenna úr sveitinni sem keppt hafa á öldungamóti og stuðlað að mikilli samveru og hreyfingu og er það til fyrirmyndar.  
Keppendur í íslensku glímu keppa á vegum Mývetnings og er áhugi að styrkja glímustarfið áfram í framtíðinni. Að auki er óteljandi möguleikar fyrir fullorðna að nýta þjónustu félagsins til æfinga, samveru og jafnvel keppnis.



# Fjallahringurinn

## Herðubreið ( 1stk í boði )

### **150.000 kr á mánuði (2 ára samningur)**

- Stórt skilti með vörumerki í íþróttahæimili Mývetnings.
- Auglýsingarskilti á lyftuskúr skíðasvæðis í Kröflu (ákveðin stærð en hönnun frjáls)
- Alltaf boðið aðaluglýsing á allan merktan fatnað á 50% verði ef áhugi er á því.
- Auglýsing í hlaupastelpunni þar sem styrktaraðilum er þakkað fyrir 2x á ári
- Merkjavara frá mývetningi fyrir alla starfsmenn
- Vörumerki alltaf látið fylgja með í auglýsingum á vegum Mývetnings
- Tekið fram á facebook haus Mývetnings “aðalstyrktaraðili Mývetnings er xxxxx”
- Árleg viðurkenningu um “Herðubreið og ártal”

## Bláfjall ( 6stk í boði)

### **75.000 kr á mánuði (2 ára samningur)**

- Skilti með vörumerki/nafni í íþróttahæimili Mývetnings
- Auglýsingaskilti á mastur á skíðalyftu (ákveðin stærð en hönnun frjáls)
- Vörumerki/Nöfn látin fylgja með á fót allra auglýsinga frá Mývetningi.
- 50% afslátt af vörumerki á búning í “Bláfjalls stærð” þegar prentaðir eru búningar.
- Auglýsing í hlaupastelpunni þar sem styrktaraðilum er þakkað fyrir 2x á ári
- Árleg viðurkenningu um “Bláfjall og ártal”

## Vindbelgur (ótakmarkaður fjöldi)

### **25.000 kr á mánuði (1 árs samningur )**

- 1.Listi settur inn á facebook síðu Mývetnings með lista yfir Vindbelgi ársins
- 2.Auglýsing í hlaupastelpunni þar sem styrktaraðilum er þakkað fyrir 2x á ári
- 3.Viðurkenning um “Vindbelg og ártal”
- 4.Forgangur í merkingar á fatnaði.

## Krafla (Ótakmarkaður Fjöldi)

### **5.000 kr á mánuði ( áskrift, uppsegjanlegt hvenær sem er)**

- Auglýsing í hlaupastelpunni þar sem styrktaraðilum er þakkað fyrir 2x á ári
- Prentað þakkarbréf á hverju ári með viðurkenningu um “Krafla ártal”

**Þeir sem vilja gerast þáttakendur í Fjallahring Mývetnings eða fá frekari upplýsingar vinsamlegast sendið tölvupóst á "[Mývetningur@gmail.com](mailto:Mývetningur@gmail.com)" Einnig veittar upplýsingar í síma, Anton - 8469052**



## Félagsstarf 60 ára og eldri í Pingeyjarsveit

Opin hús fram að páskum verða á þriðjudögum  
eins og hér segir:

### Pingeyjarskóli

7. og 21. febrúar

7. og 21. mars

### Stórutjarnaskóli

14. og 28. febrúar

14. og 28. mars

Hádegismatur er í boði kl. 13 og kostar 800 kr.

**Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta  
fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund**

**Pingeyjarskóli - 4643583**

**Stórutjarnaskóli - 4643222**

Boccia er kl. 12 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar. Ýmislegt  
er í boði til skemmtunar s.s. hljóðfæraleikur, myndasýningar,  
upplestur og leikir. Félagsvist er spiluð í sirka þriðja hvert skipti og  
allar hugmyndir að afþreyingu eru vel þegnar.

**Í Mývatnssveit er félagsstarf eldri borgara alla  
fimmtudaga kl. 13 og hefst með leikfimi  
hjá Ástu Price í íþróttahúsinu**

Félagsstarfið er í boði fyrir 60 ára og eldri  
og eru allir hvattir til að mæta.

Hlökkum til að sjá ykkur,  
Hanna Magga, Díska og Svana



## Kyrrðar- og bænastund Einarsstöðum

Kyrrðar- og bænastund verður í Einarsstaðakirkju næstkomandi miðvikudag 8. febrúar klukkan 20:00.

Verið öll velkomin  
Séra Þorgrímur.



## Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit

### Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. janúar 2023 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 og að hún skildi auglýst skv. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsáformin fela í sér skilgreiningu lagnaleiðar frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu. Áformað er að leggja 7,8 km langan jarðstreng í vegkant gamla Þeistareykjavegar frá tengivirki við Þeistareyki, til norðurs að Kópaskerslínu.

Tillagan með umhverfisskýrslu verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og á skrifstofum sveitarfélagsins. Tillagan er auglýst með umsagnarfresti frá og með miðvikudeginum 1. febrúar til og með miðvikudeginum 8. mars 2023. Umsagnir við tillögunu skulu berast skipulagsfulltrúa á netfangið [atli@thingeyjarsveit.is](mailto:atli@thingeyjarsveit.is) eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn.

skipulagsfulltrúi



# Betri fjármál - Fjármál heimilisins á mannamáli

Markmið námskeiðsins er að stjórna peningum betur, þannig að þú sért betur í stakk búin til að taka ákvarðanir um hvað hentar þér best í fjármálum út frá þínum markmiðum, getir stýrt betur í hvað peningarnir fara og þannig notið þeirra sem allra mest.

**Viltu nota meira af peningunum þínum í það sem þér finnst skemmtilegt?  
Þá er þetta námskeiðid fyrir þig**



Kennari: Póra Valný Yngvadóttir hjá Val og virði  
Hefst 7. febrúar kl 17  
4 skipti - 2 tímar í senn

 **VALOGVIRÐI**  
*breytingar verða - breytingar gerðar*



Pekkingarnet  
Þingeyinga



Nánar á  
[www.hac.is](http://www.hac.is)